

Leikskólinn Garðasel



hreyfing - næring - gæði í samskiptum

Áttavitinn

Skólanámskrá Garðasels

Efnisyfirlit

1.	Skólanámskrá Garðasels	3
2.	Leikskólinn Garðasel	4
3.	Leikskólaperlan	5
4.	Leiðarljós leikskóla	6
5.	Nám í leikskóla	7
5.1	Nám og leikur	7
5.2	Nám í daglegu lífi	8
5.3	Nám í samskiptum	10
5.4	Nám í skapandi starfi	10
5.5	Námsumhverfi	10
6.	Grunnþættir menntunar	12
7.	Hugmyndafræði og uppeldissýn í Garðaseli	13
7.1	John Dewey	13
7.2	Heilsustefnan	14
7.4	Uppeldi til ábyrgðar	16
8.	Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi	18
9.	Samþætt leikskólastarf	19
10.	Námssvið	20
10.1	Læsi og samskipti	20
10.2	Heilbrigði og vellíðan	21
10.3	Sjálfbærni og vísindi	22
10.4	Sköpun og menning	23
11.	Hefðir og siðir í Garðaseli	24
12.	Brúum bilið – tengsl skólastiga	25
13.	Mat á námi og velferð barna	27
14.	Starfsáætlun	28
15.	Foreldrasamstarf	28
16.	Mat á leikskólastarfi	29
16.1	Innra mat	30
16.2	Ytra mat	30
17.	Stoðþjónusta	31
18.	Samstarfsaðilar	31
19.	Heimildaskrá	32

1. Skólanámskrá Garðasel

Ný aðalnámskrá var gefin út í maí 2011 og leysir hún af hólmi fyrstu aðalnámskrá leikskóla, sem gefin var út í júní 1999. Fyrri hluti nýrrar aðalnámskrá er sameiginlegur fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og seinni hluti hennar fyrir hvert skólastig fyrir sig.

Í nýrri aðalnámskrá birtist ný menntastefna sem hefur það meginmarkmið að rækta með markvissum hætti þá þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkir getu einstaklinga í framtíðinni til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi. Kjarni menntastefnunnar er settur saman úr sex grunnþáttum: læsi, sjálfbærni, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun.

Í aðalnámskrá er lögð áhersla á lýðræði og jafnrétti og litið svo á að börnin séu fullgildir þátttakendur í samfélagi leikskólans. Þau eiga að fá tækifæri til að koma að lýðræðislegum ákvörðunum sem varða leikskólastarfið sjálft. Leikskólinn er jafnframt mikilvægur vettvangur til að jafna uppeldisaðstæður barna. Lögð er áhersla á að kennarar og stjórnendur í leikskólum fái svigrúm til að þróa leikskólastarfið á faglegan og skapandi hátt. Náms svið leikskólans eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.

Skólanámskrá byggir á aðalnámskrá og á að vera sáttmáli um uppeldi og nám í leikskólanum og komu allir starfsmenn skólans að endurmati og endurvinnu á nýrri skólanámskrá. Leitað var eftir viðhorfum foreldra varðandi ýmsa þætti í skólastarfinu með rafrænum könnunum og námskrárvinnan kynnt fyrir foreldraráði með reglubundnum hætti.

Skólanámskrá á að vera lifandi og í sífelldri endurskoðun.



2. Leikskólinn Garðasel

Leikskólinn Garðasel var opnaður 1. september 1991 og þá voru tvær deildir með hálf dagsplássum fyrir og eftir hádegi og ein deild með heild dagsplássum. Árið 1998 var þessu breytt og allar deildir skilgreindar eins varðandi dvalartíma barna.

Akraneskaupstaður er rekstraraðili leikskólans samkvæmt lögum um leikskóla en samkvæmt þeim bera sveitarfélög ábyrgð á starfsemi leikskóla. Sveitarfélög hafa forystu um að tryggja börnum leikskóladvöl og bera ábyrgð á að starfsemi þeirra taki mið af lögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla.

Stærð og barnafjöldi

Heildarflatarmál Garðasels sjálfs er 534,5 m² en leik- og kennslurými er 256.1 m². Samtímis geta verið 73 -75 börn í leikskólanum.

Skólinn er þriggja deilda sem heita Lón, Holt og Vík. Deildirnar eru aldurskiptar og ræðst það af fjölda barna í hverjum árgangi hvernig sú skipting er.

- ◆ **Lón** 2 – 3 ára börn
- ◆ **Holt** 3 - 4 ára börn
- ◆ **Vík** 4 – 5 ára börn

Dvalartími

Leikskólinn er opinn frá kl: 07.30 –17.00 alla virka daga. Dvalartími barna er misjafn og getur verið frá 4 klst upp að 9, 5 klst að hámarki. Foreldrar undirrita dvalarsamning um tíma barns þeirra í leikskólanum. Breytingar á þeim dvalartíma þurfa foreldrar að sækja um til leikskólastjóra en reynt er eins og kostur er að koma til móts við þarfir foreldra. Lögð er áhersla á að dvalartími barna sé virtur og þau ekki höfð lengur í skólanum en umsaminn tími segir til um nema um annað hafi verið samið tímabundið.



Trúnaður




Starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu um alla þá vitneskju sem það fær í starfi um málefni barna og foreldra. Þagnarskyldan helst þó starfsmenn láti af starfi.

Foreldrar eru beðnir að sýna öðrum foreldrum og börnum þann trúnað að ræða ekki málefni þeirra fyrir utan leikskólann. Gagnkvæmur trúnaður er mikilvægur öllum börnum og foreldrum og eykur traust innan leikskólans.

Myndir, sem foreldrar taka á viðburðum skólans, á ekki að birta á samfélagsmiðlum, heldur vera til einkanota.

3. Leikskólaperlan

Leikskólaperlan er líkan af margþættu námi barnsins í leikskólanum.



Í leikskólaperlunni er barnið í brennidepli því allt leikskólastarfið snýst um barnið, sá flötur er gulur þ.e. litur sólarinnar. Þeir þættir sem næst barninu eru og unnið er með í daglegu lífi þess í leikskólanum eru: Að klæða sig í og úr, borðhald, svefn og hvíld, hreinlæti, frágangur og snyrtimennska. Litur þeirra er appelsínugulur - tákn samþættingar á námi og lífi barns.

Námssvið leikskólans koma næst: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Litur þeirra er rauður, þ.e. glóðin sem í leikskólastarfinu býr og er uppspretta samþætts og skapandi leikskólastarfs.

Grunnþættir menntunar eins og þeir birtast í sameiginlegum kafla aðalnámskrár fyrir öll skólastig koma í ysta hring. Litur þeirra er grænn, tákn jarðarinnar, grunnurinn sem allt skólastarf byggist á; Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Leikurinn umlykur barnið í öllu starfi þess og námi. Grunnlitur perlunnar er ljósblár, þ.e. litur vatnsins. Í því rými flýtur allt það sem tengir hina fjölbreyttu þætti leikskólastarfsins saman, þ.e. samþætting. Leikurinn gárar vatnið og kemur öllu á hreyfingu.

Grunnurinn af Perlunni er unnin af Hrafnhildi Sigurðardóttur, en uppfærð af Sesselju Hauksdóttur í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 og aðalnámskrá leikskóla 2011

4. Leiðarljós leikskóla

Leikskólinn er skilgreindur sem fyrsta skólastigið og leikskólaaldurinn er mikilvægur tími fyrir nám og þroska barna. Þegar leikskólabarnið hefur leikskólagöngu sína er það að stíga sín fyrstu skref í félagslegu umhverfi.

Markmiðið er að barnið mótist sem einstaklingur, verði skapandi samfélagsþegn, sem fái tækifæri til að nýta sér alla sína möguleika og hæfni til að njóta þess sem lífið býður upp á. Leikskólabörnin eru ólík og í starfi leikskóla ber að leggja áherslu á styrkleika barna og hæfni þeirra en um leið þörf þeirra fyrir leiðsögn, hvatningu og verndun fullorðinna.

Í Garðaseli er lögð áhersla á þarfir og þroska hvers barns, svo hvert þeirra fái notið sín sem best á eigin forsendum. Börnin fá tækifæri til að takast á við viðfangsefni, sem þroska trú þeirra á eigin getu og byggir upp jákvæða sjálfsmynd þeirra. Umhyggja, virðing, jafnrétti og gleði eru leiðarljós Garðasels í starfi með börnunum.

Samvinna, traust og jákvætt samstarf foreldra og leikskóla er grundvöllur að farsælu leikskólanámi barna og á þessum gildum byggir foreldrasamstarfið í Garðaseli. Mikilvægt er að þessir aðilar myndi öflugt teymi, sem sameinist um velferð og námsframvindu barnanna. Lögð er áhersla á að fylgjast með og efla alhliða þroska barna, að námsumhverfið sé hvetjandi og stuðli að öryggi þeirra og vellíðan.



Það læra börn sem fyrir þeim er haft

5. Nám í leikskóla

5.1 Nám og leikur

Leikurinn er þungamiðja leikskólastarfsins og er börnum eðlislægur. Börnin leika sér af fúsum og frjálsum vilja og nýta til þess eigin forsendur. Í bernsku felur leikurinn í sér nám og af leiknum sprettur ný þekking, ný tilfinning, nýjar athafnir og leikni. Í leik tjáir barn tilfinningar sínar og fær útrás fyrir þær. Sköpunarþörf og hugmyndaflug barnsins birtist í leikjum þess og í gegnum leikinn læra börn að skilja umhverfi sitt, tjá hugsanir sínar, reynslu og tilfinningar. Í leiknum læri barnið einnig félagslegar leikreglur sem eru forsendur þess að geta leikið við aðra. Leikurinn kallar á notkun tungumáls, hreyfingu, hugmyndaflug, áræðni, félagsleg samskipti og tilfinningatengsl.

Hlutverk leikskólans er að styðja við nám barna í gegnum leik á sem fjölbreyttastan hátt, bæði inni og úti. Í Garðaseli er lögð áhersla á að hafa aðstæður og fjölbreyttan efnivið fyrir leik barnanna og ætla leiknum tíma og rými í samfellu við aðra þætti skólastarfsins

Yngri börnin leika meira hlið við hlið, prófa hluti með forvitni og hlutverk kennarans er að leiðbeina, leika með og aðstoða með samskipti og ágreining.



Könnunarleikurinn er hluti af námsumhverfi yngstu barnanna en þar fá börnin að leika sér með óhefðbundinn efnivið eins og lykla, dósir, perlufestar, flöskur svo eitthvað sé nefnt. Markmið með könnunarleiknum er að gefa börnunum tækifæri til að auka reynslu sína og virkja áhugahvöt með efnivið sem hvetur þau til að skoða, prófa og kanna eiginleika þeirra.

Eftir því sem börnin eldast breytist leikur þeirra, samskiptafærni og leikni þeirra eykst og hlutverk kennarans felst meira í að skipuleggja umhverfið, vera í nánd og fylgjast með leik barnanna.

5.2. Nám í daglegu lífi

Leikskólanám er samþætt nám þar sem barnið er að læra allan tímann við mismunandi aðstæður. Í gegnum athafnir daglegs lífs vinna kennarar að uppeldis- og námsmarkmiðum leikskólans. Umönnun og daglegar venjur eru stór hluti af leikskólastarfinu og mikilvægt er að dagskipulagið sé í föstum skorðum til að skapa hefð og festu í leikskólastarfinu.

Umönnun er fólgin í því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með slíkri umönnun skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust. Lögð er áhersla á að efla sjálfshjálp og sjálfstæði í daglegum athöfnum og hvetja börnin til að verða sjálfbjarga eins og þroski þeirra og færni leyfir.

Að taka á móti börnum og foreldrum

Í Garðseli er lögð áhersla á að taka vel á móti öllum börnum og kveðja þau í lok dags. Það að heilsa og kveðja er mjög mikilvægt og þannig finna börn og foreldrar sig velkomin dag hvern. Góðar móttökur í upphafi dags geta haft áhrif á líðan barnsins og foreldra og góðar kveðjur geta hjálpað barni að koma aftur í leikskólann.

Að klæða sig í og úr

Í Garðaseli er lögð áhersla á að hvetja börnin til sjálfshjálpar og efla sjálfstæði þeirra sem best. Í fataherberginu læra börn að klæða sig í og úr, læra hvað er viðeigandi klæðnaður fyrir verðurfarið þann daginn, þau þjálfar gróf- og fínhyrtingar, málproska og sjálfshjálp. Áhersla er á að hver og einn fái tíma til að athafna sig og er það gert með því að vera með litla hóp í einu ef kostur er, spalla við börnin á meðan og þeim hjálpað eftir þörfum.



Sjáðu kartöfluna mína

Hreinlæti

Góðar hreinlætisvenjur eru mikilvægar í leikskólanum og fer það eftir aldri og þroska barna hversu mikla aðstoð eða eftirfylgd þau þurfa við hreinlæti. Í Garðaseli leggjum við grunn að góðum hreinlætisvenjum með því að kenna börnunum handþvott eftir salernisferðir, útivist og fyrir máltíðir, ef þarf. Einnig er lögð áhersla á almenna snyrtimennsku, s.s. að snýta sér, laga hárið, þurrka sér um munninn og börnin aðstoðuð við þessa þætti daglegs lífs.



Máltíðir

Í Garðaseli er lögð áhersla á rólega stund þar sem börnin eru hvött til að smakka allan mat en borin er virðing fyrir smekk barna á matnum. Matmálstímar hafa mikið uppeldislegt gildi og skapa aðstæður fyrir samræður og samskipti ásamt því að tileinka sér almenna borðsiði. Börnin eru hvött til að hjálpa sér sjálf eftir því sem færni þeirra og þroski segir til um s.s að hella í glös, skera matinn, skammta sér á diska, taka þátt í frágangi eftir matmálstíma.

Hvíld

Í Garðaseli er lögð áhersla á að tryggja öllum börnum rólega stund eða hvíldartíma yfir daginn og skapa til þess aðstæður sem henta hverju sinni. Hvíld í einhvern tíma yfir daginn er öllum nauðsynleg til að halda góðri orku út leikskóladaginn. Hvíldarstundir eru skipulagðar eftir aldri barna og svefntíma. Eldri börnum er boðið er upp á samverustundir í hádegishléi þar sem þau hlusta á sögu, skoða bækur eða fá aðra hvíld. Tímalengd hvíldarstunda yngstu barna eru skipulagðar í samráði við foreldra og þeir stjórna svefntíma barna sinna.

Umgengni

Frágangur og góð umgengni er mikilvægur þáttur í daglegu lífi og tengist því að bera virðingu fyrir því sem við eigum. Í Garðaseli er lögð áhersla á að börnin taki þátt í frágangi með aðstoð leikskólakennara ef þarf og gangi vel um leikföng og annan efnivið.

Samverustundir

Í samverustundum eru lesnar eða sagðar sögur, farið í ýmsa leiki, sungið og spjallað saman, rætt um heiti daga, mánuða og árstíða. Í Garðaseli eru samverustundir deilda á hverjum degi en tímasetningar þeirra misjafnar eftir deildum. Áhersla er lögð á þátttöku og vellíðan allra og tekur skipulag samverustunda mið af þörfum barna s.s hópaskiptingar og viðfangsefni.



5.3 Nám í samskiptum

Hæfni til samskipta er grundvöllur þess að lifa, starfa og leika sér með öðrum í sátt og samlyndi. Öll börn þurfa að fá að njóta sín í samskiptum og læra að taka tillit til annarra. Sjálfsmynd þeirra mótask hvað mest í samskiptum við annað fólk.



Í Garðaseli er lögð áhersla á góð samskipti og að börn læri að umgangast aðra af virðingu, gleði, jákvæðni og væntumþykju. Starfsfólk Garðasels leggur sig fram um að vera góðar fyrirmyndir barnanna, hlusta á þau og tala við þau af virðingu og mæta þörfum þeirra. Í Garðaseli er unnið með Uppeldi til ábyrgðar (sjá bls. 15)

5.4 Nám í skapandi starfi og hugsun

Að skynja, skilja og skapa er hæfni sem börn verða að þróa með sér. Umhverfi leikskólans þarf að skipuleggja þannig að það veiki forvitni barnanna, frumkvæði, virkni, áhuga, gleði og efla sjálfstæði þeirra. Opnar spurningar og hvetjandi tal örvar rökhugsun þeirra og leit að lausnum. Viðfangsefni til sköpunar í leik, máli, myndlist, tónlist, hreyfingu og dansi gefur börnum tækifæri til að fást við umhverfi sitt, vinna með fjölbreyttan efnivið og öðlast margháttaða reynslu.

Í Garðaseli er lögð áhersla á að virkja áhugahvöt og efla sjálfstæði og frumkvæði barnanna með því að gefa þeim tækifæri á að takast á við fjölbreytt viðfangsefni sem veitir þeim gleði og vellíðan en um leið áskoranir. Börnin eru hvött í lausnaleit með því að leita svara, þora að prófa og læra að það sé í lagi að þurfa að endurtaka – það má gera mistök.

5.5 Námsumhverfi

Námsumhverfi leikskólans byggir á aðstöðu hans, inni og úti. Áhugi og kunnátta kennara hefur mikil áhrif í að virkja umhverfið sem best til að mæta námsþörfum barna og fullorðinna. Námsumhverfið er skipulagt þannig að það mæti þörfum barna til að vera í minni hópum sem oftast og leitast er við að skipta svæðum deilda/ leikskólans þannig að svigrúm skapist fyrir leik barna í stærri og smærri hópum. Mikilvægt er að leikskilyrði hæfi proska hvers og eins.

Starfið er skipulagt þannig að hópur barna er úti að leika og læra á meðan aðrir hópar nýta svæðin inni í skipulögðu hópastarfi. Deildir og sameiginleg svæði leikskólans eru skipulögð þannig að hver deild gengur að sínu svæði ákveðna daga og skipuleggur starf út frá því.

Skipulagt hópastarf er einu sinni á dag (inni) og þá er hver hópur með sínum hópstjóra í leik og starfi. Valstundir ramma inn frjálsa leikinn og með valinu nýtist leikumhverfi deildar betur. Í valinu er búið að ákveða hversu mörg börn geta verið á ákveðnum svæðum en leik- og efniviður tekur mið af áhuga og getu barnanna.

Námsumhverfi skólans nær út fyrir leikskólalóðina þar sem nærumhverfið er skemmtilegt og fullt af tækifærum til upplifana og leiks. Leikskólinn er staðsettur í grónu hverfi og í nærumhverfi eru

- Grundaskóli
- Byggðasafnið að Görðum
- Garðalundiur (skógræktin)
- Íþróttasvæðið að Jaðarsbökkum
- Langasandur
- Sólmundarhöfði



Skólalóð Grundaskóla býður upp á mikla tilbreytingu með hæðóttu landslagi og öðruvísi leiktækjum.

Byggðasafnið að Görðum er á næstu grösum og börnin heimsækja það, skoða og fá fræðslu. Þá er umhverfið í kringum Byggðasafnið líka heillandi en þar er að finna gömul hús og skip sem bjóða upp á einstaka fræðslu um gamla tímann.

Skógræktin nýtist allan ársins hring til leikja og til að fræðast um náttúruna, s.s. veðráttuna, trén, blóm, fugla/hreiður/unga, flugur, síli, steina og margt fleira. Útinám deilda fer að miklu leyti fram í skógræktinni þar sem leikskólinn hefur aðgang að húsnæði og salernisaðstöðu.

Íþróttasvæðið að Jaðarsbökkum, Langisandur og Sólmundarhöfði búa yfir miklum möguleikjum til fræðslu, leikja og útivistar.



6 . Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar eru settir fram í Aðalnámskrár til að leggja áherslu annars vegar á samfélagsleg markmið og hins vegar markmið, sem varða menntun sérhvers einstaklings. Grunnþættirnir eru leiðarljós í almennri menntun í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum og eiga að birtast í skólabrag, gildum og viðhorfum.

Grunnþáttum menntunar er ætlað að endurspeglast í öllu námi, sem fer fram í skólum. Í leikskólum ber að flétta áherslur þeirra inn í daglegt starf, leik og nám barna þannig að það taki mið af barninu sjálfu, þroska þess og getu.

Grunnþættir menntunar eru;

- **læsi** (talað mál og ritað, samræður, málörvun, læsi í umhverfi og samskipti)
- **sjálfbærni** (umgengni, virðing fyrir umhverfinu, skilja samhengi hluta, bera ábyrð á eigin lífi og heilbrigði)
- **lýðræði og mannréttindi** (tryggja jafnan rétt, hafa áhrif og val, rökræður/gagnrýni, taka afstöðu, virkni og þátttaka, félagsleg hæfni / umburðarlyndi / samkennd)
- **jafnrétti** (allir fá að njóta sín, jafna aðstöðumun, viðfangsefni / nálgun strákar/stelpur)
- **heilbrigði og velferð** (andleg og líkamleg heilsa barna, hvíld, næring, umhyggja, vellíðan, hreinlæti, útvera, hreyfing, jákvæð sjálfsmynd)
- **sköpun** (listsköpun, prófa fjölbreyttan efnivið, fá útrás og prófa eitthvað nýtt, leikurinn, leikræn tjáning, söngur, tónlist, dans)

Þegar skólastarf er metið á að skoða hvernig grunnþættirnir setja mark sitt á kennslu, leik og nám og skólastarfið í heild



7 . Uppeldisstefna Garðasels

Leikskólastarf og leikskólanám byggir oftast á sérstökum uppeldisaðferðum og hugmyndafræðin er sótt í kenningar og rannsóknir hinna ýmsu fræðimanna um það hvernig börn læra og þroskast. Í Garðaseli byggir leikskólastarfið á hugmyndafræði John Dewey, Heilsustefnunnar og Uppbyggingarstefnunnar - Uppeldi til ábyrgðar.



Uppeldisstefna Garðasels hefur verið í stöðugri mótun en áhersla hefur verið lögð á hreyfingu, samskipti og vellíðan í leik og starfi. Árið 2004 fékk leikskólinn viðurkenningu sem Heilsuleikskóli og hefur frá þeim tíma unnið eftir Heilsustefnunnar. Þá hefur markvisst verið unnið með gæði í samskiptum og dyggðanám og það útfært á ýmsan hátt. Nokkrir kennarar fóru á námskeið í Uppeldi til ábyrgðar sem fjallaði um kenningar uppbyggingarstefnunnar. Sú kenning féll mjög vel að þeim hugmyndum sem leikskólinn hafði unnið eftir og ákveðið var því að innleiða stefnuna í leikskólastarfið árið 2011.

Einkunnarorð Garðasels eru **Lífið er leikur** og með því er lögð áhersla á að barnsæskan er og á að vera ævintýri sem öll börn eiga að fá að taka þátt í.

Í Garðaseli er markmiðið að börnin

- séu lífsglöð og þeim líði vel
- hafi trú á eigin getu og allir fái að njóta sín á eigin forsendum
- beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu
- séu sjálfstæð, tillitssöm, skapandi og sjálfsörugg í lok leikskólagöngu sinnar

7.1 John Dewey

Hugmyndafræði Dewey byggir á uppgötvunarnámi barna, það er að börn læri í gegnum leikinn með því að prófa sig áfram. Uppgötvunarnámið felst í að rannsaka, skoða, kanna, draga ályktanir og læra af niðurstöðunni. Dewey telur að börnum sé það meðfætt að læra, þess vegna eiga þau að vera virk í eigin námi. Grunnhugmyndir uppeldisstefnu John Dewey byggjast á hugmyndum sem skýrast á einfaldan hátt í einkunnarorðunum: **learning by doing**, að læra í athöfn og læra af eigin reynslu.

*Segðu mér og ég gleymi,
sýndu mér og ég man,
leyfðu mér að reyna og ég skil*
Konfusius

Dewey lagði áherslu á lausnamiðað nám, sem byggir á fenginni reynslu og þekkingu, ekki einhverju sem aðrir segja. Vinnuferlið sjálft er lærdómsríkara en útkoman eða lausnin. Þekkingin mótast ekki af lausninni sjálfri heldur frekar af því sem gerist við að leita hennar. Virkja ber athafnagleði barna, forvitni þeirra og gagnrýna hugsun.

Vinnuumhverfi barnanna í Garðaseli, verkefni og efniviður eiga að vera fjölbreytt og gefa þeim tækifæri til að þróa leik sinni og vinnu eftir því sem þau eru tilbúin til og hafa áhuga á – þannig verður til reynsla og upplifun sem er grunnur að næsta skrefi í þroskaferli þeirra.

Leikskóli og heimili þurfa að sameinast um að tengja reynslu barna heima og í skólanum, þannig að börnin geti sem best tengt þessa tvo reynsluheima saman.



7.2 Heilsustefnan

Garðasel varð heilsuleikskóli í júní 2004 og vannur eftir Heilsustefnunni. Leikskólinn kom að stofun Samtaka heilsuleikskóla í nóvember 2005 og hefur verið aðili að þeim samtökum frá upphafi. Í dag starfa 24 skólar eftir heilsustefnunni.

Markmið heilsustefnunnar er fyrst og fremst að stuðla að heilsuefningu í leikskólasamfélaginu og eru yfirmarkmið heilsuleikskóla að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Ef börn eru strax í æsku vanin á heilbrigða lífshætti getur það haft áhrif á lífsstíl þeirra til framtíðar. Til þess að ná þessum markmiðum hafa verið sett undirmarkmið sem eru eftirfarandi:



Merki heilsustefnunnar

Næring

- að borða hollan, fjölbreyttan og næringarríkan mat
- að börnin verði meðvituð um hollustu / óhollustu matar
- að matarvenjur verði í hávegum hafðar (matur, magn, samsetning)

Hreyfing

- auka vitneskju um líkamann
- stuðla að betri hreyfifærni (jafnvægi, styrkur, þol og úthald, samhæfing, kraftur)
- styrkja sjálfsmynd, betri samskipti
- læra hugtök og heiti (rýmishugtök, líkamsheiti,)

Listsköpun í leik

- örva sköpunargleði og fá útrás fyrir hugmyndir
- auka hugmyndaflug
- kynnast mismunandi efniviði, handfjatla hann og vinna með hann
- skynja form og fegurð í umhverfinu



Í Garðaseli er markvisst unnið með **hreyfingu**. Hvert barn fer einu sinni í viku í skipulagða hreyfistund og þar fyrir utan er hreyfistundir í hópastarfi og útivist í valstundum. Áherslupættir hreyfingar tengjast þeim matspáttum sem skoðaðir eru í **Heilsubók barnsins**. Lögð er áhersla á fjölbreytt hreyfinám, inni og úti, sem örvar og eflir hreyfifærni barnanna ásamt því að þau upplifi þá ánægju og vellíðan sem hreyfingin veitir þeim. Útinám er orðin mikilvægur þáttur hreyfingar en í því umhverfi læra börnin að hreyfa sig í náttúrulegu umhverfi þar sem áskoranirnar og tækifæri eru fleiri og öðruvísi.

Með **áherslupáttum næringar** er verið að stuðla að góðum matarvenjum og hollustu, lögð er áhersla á ferskleika og fjölbreytni, ávaxta- og grænmetisneyslu og dregið er úr notkun á óhollri fitu, salti og sykri. Umræður um hollustu og óhollustu ásamt því að ræða um hóflega matarskammta er hluti af matmálstímum barna í Garðaseli. Vatn er aðgengilegt börnum á öllum deildum hvenær sem er dagsins.

Listsköpun og skapandi starf er mikilvægur þáttur í umhverfi ungra barna þar sem engin landamæri finnast í hugsun þeirra og sköpunarþörfin er mikil. Lögð er áhersla á að efla sjálfstæði og virkni barnanna í skapandi starfi með því að bjóða upp á fjölbreyttan efnivið og tækifæri til sjálfstæðra úrlausna. Börnin fá að kynnast fjölbreyttum vinnuaðferðum, efnum og áhöldum, sem opna möguleika á fjölbreyttu og skapandi starfi og listformi, t.d. myndlist, tónlit og leiklist. Mest um vert er að börnin njóti þess sem þau vinna að /skapa, læri í gegnum vinnuferlið og þrói áfram ánægju sína og færni (John Dewey).



7.3 Uppeldi til ábyrgðar

Innleiðing uppeldisstefnunnar Uppeldis til ábyrgðar hófst í Garðaseli haustið 2011 en stefnan fellur vel að þeim áherslum sem leikskólinn hefur unnið eftir, dyggðanámi ásamt jákvæðum og uppbyggjandi aga.

Uppbyggingarstefnan (Restitution) kemur frá Kanada og upphafsmaður hennar er Diane Gossen, sem hefur haldið fjölda námskeiða um allan heim.

Uppbyggingarstefnan er hugmyndafræði og í henni felst bæði aðferð og stefnumörkun skóla til betri samskipta. Meginatriðið er að kenna börnum og starfsfólki sjálfsgaga, sjálfstjórn og styrkja sjálfsmynd. Uppbyggingarstefnan leggur áherslu á lífsgildi fremur en reglur og ábyrgð frekar en blinda hlýðni. Stefnan gerir kröfur á að starfsfólk þekki sínar eigin þarfir og sameinist um lífsgildi. Í Garðaseli er reynt er að koma til móts við börn og starfsfólks með því að hugsa út frá þörfum þeirra og að allir fái notið sín á jákvæðan hátt.

Stefnan miðast við að unnið sé með sameiginleg lífsgildi, jákvæðan aga og litið er á að mistök séu til að læra af þeim. Uppbyggingarstefnan er viðamikil og tekur til allra þátta í daglegu lífi en í leikskólastarfinu er mest unnið með grunnþarfirnar, lífsgildin, jákvæð samskipti og sjálfstjórn.

Hugmyndafræðin lítur svo á að öll börn séu í eðli sínu góð og vilji hegða sér vel. Hins vegar hafi börn ekki þann hæfileika í byrjun að geta metið hvaða áhrif hegðun þeirra hefur á aðra. Það er hlutverk hinna fullorðnu að kenna þeim að öðlast þann skilning í gegnum samskipti þeirra við aðra. Fullorðnir eru því mikilvægar fyrirmyndir í lífi barna, orð þeirra og verk.



Uppeldi til ábyrgðar (uppbyggingarstefnan) leggur áherslu á


- jákvæð og uppbyggjandi samskipti og gagnkvæma virðingu
- ábyrgð hvers og eins á eigin hegðun (getum stjórnað okkur, ekki öðrum)
- að það er í lagi að gera mistök en mikilvægt að læra af þeim
- að finna leiðir til að uppfylla þarfir sínar á jákvæðan hátt án þess að það komi niður á öðrum sem í kringum mann eru

Uppbyggingaraðferðin hjálpar til við

- að skilja eigin hegðun
- að læra að jafna ágreining og vaxa af því
- að leiðrétta eigin mistök og læra af þeim
- að sættast við aðra
- að komast fljótt í jafnvægi eftir að hafa misst stjórn á sér

Þarfirnar

Samkvæmt uppbyggingarstefnunni eru grunnþarfirnar fimm og er hver þörf skilgreind út frá því sem einkennir hana. Flestir hafa fleiri en eina ríkjandi þörf og það hafa börnin líka, þótt ung séu. Öll hegðun hefur tilgang en þegar við þekkjum þarfir okkar leitum við leiða til að uppfylla þær sem best án þess að ganga á þarfir annarra.



Þarfirnar fimm

Öryggi - tengist líkamlegum þörfum sem allir hafa og þurfa að fá uppfyllta að einhverju leyti til að dafna í lífinu (húsaskjól, fæði, fatnaður, heilsa, fjölskylda eða hvað annað sem veitir öryggi). Öryggisþörfinni þarf að fullnægja áður en hægt er að sinna öðrum þörfum.

Rík umhyggjuþörf –hefur þörf fyrir að tilheyra félagslega og upplifa sig sem hluta af hópi / bekk, vill vera þátttakandi , vill deila með öðrum og blómstrar í samvinnu, á gott með að mynda tengsl og vill að öðrum líki við sig. Þörfin er uppfyllt

með samskiptum við aðra og að vera samþykktur.

Rík þörf fyrir áhrifavald – vill standa sig vel, hefur þörf fyrir að vita alveg hvað á að gera áður en það er framkvæmt, hefur ríka þörf fyrir hrós og viðurkenningu, skipulagður, stundum stjórnsamur, kappsamur, öruggur í fasi og framkomu. Áhrifaþörfin er uppfyllt með góðri frammistöðu og viðurkenningu.

Rík þörf fyrir frelsi - vill hafa valmöguleika, hefur þörf fyrir sveigjanlegt umhverfi og tilbreytingu, hefur gaman af sköpun og tilraunum, er sama hvað öðrum finnst, til í að prófa nýja spennandi hluti. Frelsisþörfina má helst uppfylla með því að fá frið til að gera og hugsa það sem maður vill en einnig með því að læra að taka meiri ábyrgð.

Rík þörf fyrir gleði og ánægju – gerir oft að gamni sínu og hlær að sjálfum sér og öðrum, áhyggjulaus, sáttur við umhverfið og hefur almennt gaman af lífinu, sækir í spennu og er orkumikill. Gleðiþörfinni má svara á marga vegu í gegnum leik, nám, sköpun og áskoranir.



8. Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi



Ræðum málin og finnum lausnir

Í Garðaseli er lögð áhersla á lífsgildi og starfshætti, sem styðja við lýðræðislega samvinnu og skapar samfélag, þar sem leitað er eftir röddum sem flestra. Sú áhersla nær til barnanna, starfsfólks og foreldra – samfélagsins sem starfar saman í leikskólanum.

Leikskólastarf á að byggja á umhyggju, jafnrétti, fjölbreytileika, samvinnu og samkennd ásamt því að

virða ólík sjónarmið. Börn þurfa að finna að þau eru hluti af hópnum þar sem þau fá tækifæri til að láta skoðanir sínar í ljósi. Í Garðaseli er lögð áhersla á að börnin sýni hvert öðru samkennd, séu góð hvert við annað og læri að taka tillit til annarra. Börnin fá tækifæri og læra að leysa ágreiningsmál á jákvæðan og friðsaman hátt. Leitast er við að hafa börnin með í ákvörðunartöku eins og kostur er og í leikskólastarfinu gefast mörg tækifæri til þess, stór og smá.

Hlutverk hins fullorðna er að hlusta og taka þátt án þess að taka frumkvæðið af börnum, skapa aðstæður þar sem allir hafa jafnan rétt til þátttöku og gefi börnunum tækifæri á að draga eigin ályktanir og prófa þær í leik og starfi. Í Garðaseli er lögð áhersla á að skapa börnunum vettvang til að tjá hugsanir sínar, óskir og upplifanir á þeirra eigin forsendum. Með áhuga og virkri hlustun leikskólakennarans upplifa börnin að það er hlustað á þau og sjálfmynd þeirra verður jákvæð.



Öll börn eiga jafnan rétt til náms óháð kyni, aldri, fötlun, líkamlegum og andlegum þroska, þjóðerni og trúarbrögðum. Leikskólanum ber að skipuleggja skólastarfið þannig að þörfum einstaklinganna sé mætt á jafnan hátt í samstarfi við foreldra og rekstraraðila.

Börn með fötlun og / eða frávik í þroska fá sérkennslu samkvæmt reglum sem sveitarfélagið setur þar um. Í Garðaseli er starfandi sérkennslustjóri, sem ber ábyrgð á sérkennslu, skipulagi hennar og samskiptum við foreldra og leikskólakennara. Skipulag sérkennslunnar tekur mið af þörfum hvers einstaklings en lögð er áhersla á að börn, sem njóta hennar, læri í leik og samskiptum með öðrum börnum og taki þátt í leikskólastarfinu eins og kostur er. Samráð við foreldra er mikilvægur þáttur í skipulagi sérkennslu og leitað er eftir upplýsingum og viðhorfum þeirra í foreldraviðtölum og á samráðsfundum.



Hver og einn er einstakur



Viðhorf barna mótast af því sem þau heyra og sjá og því mikilvægt að nýta næmiskeið leikskólabarnanna til að móta opið og jákvætt viðhorf þeirra til margbreytileika lífsins. Þar skiptir viðhorf hinna fullorðnu miklu máli og hvað þeir segja og gera í návist barnanna. Í Garðaseli er lögð áhersla á jafnan rétt drengja og stúlkna, þau fá sama viðmót, sömu hvatningu og þau leiki sér með sama leikefni og taki

jafnan þátt í leikjum. Mikilvægt er að umhverfi leikskólans móti það viðhorf að drengir og stúlkur eigi að hafi jöfn tækifæri og þau fái notið bernsku sinnar óháð kyni.

Í Garðaseli er lögð áhersla á samskipti við báða foreldra. Báðir foreldrar eru hvattir til að hafa virkt netfang í leikskólanum þannig að allar upplýsingar, fundarboð, fréttabréf og viðhorfskannanir fari til beggja foreldra. Þegar leitað er eftir foreldrum til setu í foreldraráðum eru bæði feður og mæður hvattir til að gefa kost á sér og þá eru báðir foreldrar hvattir til að mæta í foreldraviðtöl. Ef um er að ræða foreldra, sem ekki búa saman, er báðum foreldrum gefinn kostur á viðtölum og samráði eftir því sem aðstæður leyfa.

9. Samþætt og skapandi leikskólastarf

Leikskólastarfið er skapandi og samþætt nám, þar sem börnin uppgötva og læra af öllu sem þau taka sér fyrir hendur, úti og inni, í skipulögðu markvissu starfi, frjálsum leik eða athöfnum daglegs lífs. Börnin læra í samvinnu við önnur börn og fá til þess stuðning frá leikskólakennurunum, sem veita þeim leiðsögn og hvatningu til að nýta hæfileika sína. Námsgvið leikskólans eru og eiga að vera samþætt og samofin í leikskólastarfinu.



Í leikskóla er gaman, þar leika allir saman

10. Námsvið leikskóla

10.1 Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur og til þess að eiga samskipti við aðra nota þau ýmsar aðferðir. Læsi í víðum skilningi er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi felur í sér að barn búi yfir þekkingu, hafi færni til að skynja og skilja og geti sett orð á það sem það upplifir og sér. Barn þarf að búa yfir hæfni til að tjá hugsanir sínar og skoðanir, tilfinningar og langanir. Læsi snýst ekki eingöngu um notkun orða því barnið lærir einnig smátt og smátt að lesa í umhverfi sitt, það lærir að rata og fara um í nærumhverfi sínu með vísbendingum sem það man eftir og þekkir.

Læsi og samskipti birtast í leikskólastarfinu í Garðaseli í eftirtöldum áherslum :

Almenn málörvun	Efla íslenska málvitund, markviss málörvun, málrækt, lestur, hlustun, söngur, spil, daglegar athafnir, samverustundir
Ritmálið	Sjónrænar vísbendingar, merkingar í skólaumhverfinu, tákn með tali, bókstafir og tölustafir, ritað mál og merkingar, skiltalestur
Leikurinn	Hlutverkaleikur, frjáls leikur, leikræn tjáning
Lífsleikni– samskipti	Setja orð á tilfinningar og skoðanir, leikur og hópastarf, taka þátt á ákvörðunum, samskipti við aðra, valstundir
Umhverfi	Vettvangsferðir, umferðardagar, útinám, náttúran, samskipti við nærsamfélagið

Í Garðaseli er unnið með læsi og samskipti í öllu daglegu starfi. Lögð er áhersla á sjónrænt skipulag, sem styður við málskilning barna og auðveldar þeim að lesa í umhverfið. Tákn með tali er notað með yngri börnum í söng og daglegum athöfnum og einnig með þeim börnum, sem þurfa sérstakan stuðning við málið.

Í Garðaseli er lesið fyrir börnin á hverjum degi þar sem innihald orða og texta er rætt. Innihald sögunnar er krufið eftir því sem aldur og þroski barnanna leyfir. Börnin þjálfast í að útskýra skoðanir sínar og hvað þeim finnst hverju sinni, í litlum og stórum hópi.

Leikur með bókstafi og tölur eru viðfangsefni eldri barnanna og ræður áhugi barnanna þar för.

Í vettvangsferðum er lögð áhersla á að spjalla um það sem fyrir augu ber, kennileiti, byggingar, fjöll, gróður, veðráttu og margt annað. Börnin æfa sig að lesa í umhverfið með því að skoða alls konar skilti og vísbendingar, þannig læra þau að lesa í umhverfi sitt og verða öruggari.



10.2 Heilbrigði og vellíðan

Börn verja miklum hluta af vökutíma sínum í leikskóla og því er mikilvægt að skólastarfið stuðli að vellíðan og öryggi barnanna.

Í Garðaseli læra börn um hollt mataræði, mikilvægi hreinlætis, gildi hreyfingar og fá tækifæri til að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl. Góð hreyfigeta og vellíðan barna styður við sjálfsmynd þeirra og eflir sjálfstæði þeirra í daglegum athöfnum.

Börn hafa mikla þörf fyrir að fá að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Hreyfing er börnum mikilvæg og hún eykur vellíðan þeirra, gleði, snerpu og þol og styður við líkamlegan og andlegan þroska þeirra. Í útivist fá börn útrás fyrir ærslafulla leiki og hreyfingar sem krefjast meira rýmis. Í skipulögðum hreyfistundum er lögð áhersla á að vinna með samhæfingu hreyfinga, jafnvægi, úthald og styrk og að fara eftir fyrirmælum.



Á leið í heilsuskokk

Börn þurfa að endurhlaða líkama sinn með slökun og hvíld af og til yfir daginn eftir þörfum. Hvíldartímar í hádegi fyrir öll börn eru skipulagðir eftir þörfum barnanna hverju sinni en tryggja á öllum börnum smá hlé yfir daginn.

Velferð barna skiptir máli og þau þurfa að njóta umhyggju, hlýju og virðingar, sem eru forsendur þess, að það fái að vaxa og þroskast í leik og starfi og fari með það góða veganesti út í lífið. Í starfinu í Garðaseli eru þessi gildi höfð að leiðarljósi í starfi með börnunum.

Heilbrigði og vellíðan birtast í leikskólastarfinu í Garðaseli í eftirtöldum áherslum :

Hreyfing	Hreyfistundir vikulega í íþróttahúsi og í leikskólanum, hreyfing í hópastarfi. Heilsuskokk tvisvar á ári, íþróttadagar í júní, sundnámskeið elstu barna á vorin
Útivist	Dagleg útivist og frjáls leikur, lengri og styttri vettvangsferðir, útinám í fjölbreyttu umhverfi
Dans	Dansstundir í hópastarfi og í frjálsum tíma
Hvíld og slökun	Svefntími yngstu barna, samvera í hádegi, jóga
Tannvernd	Fræðast um hollustu og næringu, tannhirðu. Heimsókn 4 ára barna á tannlæknastofu

10.3 Sjálfbærni og vísindi

Markmið sjálfbærni er að börn og starfsfólk átti sig á að þau vistspor, sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skiptir miklu máli – í nútíð og framtíð. Lýðheilsa, þar sem hver einstaklingur lærir að bera ábyrgð á sjálfum sér og sinni heilsu, er hluti af sjálfbærni.

Börn nota fjölbreyttar aðferðir til að kanna umhverfi sitt, skynja og skilja. Leikskólinn þarf að skapa börnum möguleika á að uppgötva og upplifa umhverfið og taka þátt í félagslegum samskiptum. Eftir því sem börnin þroskast byggja þau ofan á reynslu sína og bæta við þekkinguna.

Börnum er eðlislægt að kanna umhverfi sitt og það gera þau best með því að snerta, horfa, hlusta, bera saman, flokka, rannsaka, draga ályktanir og upplifa um leið og þeim er kennt að sýna náttúrunni virðingu og alúð. Þetta vísindanám er mikilvæg leið í þroska og námi barna og leikskólinn þarf að gípa þau tækifæri sem gefast í leik og starfi til að styðja við það.

Sjálfbærni og vísindi í Garðaseli birtast í eftirtölum áherslum :

Vettvangsferðir	Upplifun árstíða, stærðfræðileg hugtök ; fjarlægðir, rými og áttir.
Útivist / útinám	Fræðast um fugla, tré, blóm, skordýr. Ræða um umgengni í náttúrunni / umhverfi, skoða, rannsaka, prófa, draga ályktanir, ræða saman.
Gróðursetning / uppskera	Rækta kartöflur og blóm, sultugerð, kúmen- og rifsberjatínsla
Sveitaferðir – lambaferð og útskriftarferð elstu barna	sveitaferð í maí – sauðburður, fjárhús, ýmis húsdýr, fræðast um lífið í sveitinni. Skorradalur – útskriftarferð elstu barna, fræðast um umhverfið og náttúruna
Stærðfræði og rannsóknir	Stærðfræði í daglegu lífi, Numicon-námsefni, tölustafir, tölvuforrit. Rannsóknir t.d segull, litir, vatn, olía, snjór, þyngd hluta / vigtun
Efndurvinnsla	Flokkar pappír, endurnýta efnivið og verðlaust efni, nýtni
Dagur umhverfisins apríl	Hreinsa nánasta umhverfi leikskólans
Umhverfismennt almennt	Bera virðingu fyrir öllu lífi í náttúrunni. Ekki slíta blóm upp að óþörfu né deyða skordýr. Tína / hreinsa rusl.



Sultugerð
nammi nammi !

10.4 Sköpun og menning

Sköpun og menning er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu. Barnamenning er samofin öllu leikskólastarfi og tengist leik barna, skapandi starfi, menningu og lýðræði.

Sköpun í leikskóla á fyrst og fremst að beinast að sköpunarferlinu, könnuninni, gleðinni, tjáningunni og náminu sem kemur fram í ferlinu þegar hugmyndir barnsins, tilfinningar þess og ímyndun fá að njóta sín.



Sköpun fléttast inn í öll námssvið leikskólans þar sem börnin fá að vinna á fjölbreyttan hátt með efnivið og verkfæri sem þau ýmist finna sjálf, hafa aðgang að eða fá í hendur. Hugmyndir barnanna eiga sem oftast ráða hvað verður til og hvernig. Aldur og þroski barna ræður hvaða efnivið og áhöld eru notuð hverju sinni en eftir því sem færni þeirra og hugmyndaflug verður það hlutverk kennarans að fá þeim nýjar áskoranir verkefni og áskoranir.



Í Garðaseli hafa með tímanum myndast margar hefðir sem eru mikilvægur hluti af menningu leikskólans. Í hefðum felst oftast eitthvað sem gleður hjartað, það að gera sér dagamun eða bjóða gestum á viðburði í leikskólanum. Þá tekur leikskólinn þátt í ýmsum viðburðum sem boðið er til á Akranesi.

Sköpun og menning í Garðaseli birtast í eftirtölum áherslum :

Myndsköpun	Fjölbreyttur efniviður, áhöld, tæki
Tónlist	Hljóðfæri, söngur, söngstundir, hlustun, dans
Leikræn tjáning	Leikur, dans, semja og leika leikrit
Hefðir og siðir	Dagur íslenskrar tungu, Dagur leikskólans, aðventukaffi, bóndadags- og konudagskaffi, öskudagur, jólin, afmæli
Menning á Akranesi	Ljósmyndasýning leikskólabarna á Vökudögum, írskir dagar
Leiksýningar, tónleikar	Leiksýningar í skólanum, árshátíðarsýningar grunnskóla, tónleikar / heimsóknir kóra og annarra gesta
Listaverk / listamenn	Skoða listaverk á Akranesi, fræða um heiti þeirra og listamenn. Önnur verkefni tengd listaverkum

11. Hefðir og siðir í Garðaseli

Dagur íslenskrar tungu

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember er haldinn hátíðlegur í Garðaseli með því að bjóða upp á skemmtun á Skála þar sem börnin skemmta gestum með söng, þulum, dansi og öðrum atriðum. Fjölskyldum barnanna er boðið að vera með

Litlu – jólin / rauður-dagur

Rauður dagur er í leikskólanum um miðjan desember þegar fyrstu jólasveinnarnir eru komnir. Þann dag mæta allir í einhverju rauðu. Á rauða deginum er Litlu- jólin í leikskólanum

Aðventukaffi og jólaskemmtanir

Aðventukaffi fyrir foreldra og börn er á aðventunni en þar er boðið upp á heitt súkkulaði og smákökur og dansað saman í kringum jólatréð

Vökudagar

Ljósmyndasýning elstu barnanna, það sem auga mitt sér, er framlag leikskólans til dagskrár menningar og vökudaga í nóvember. Önnur þátttaka milli ára ef nýjar hugmyndir koma fram

Þorablót

Árlegt þorablót leikskólans er um mánaðamótin janúar /febrúar



Bollu-, sprengi- og öskudagur

Þessir dagar eru haldnir hátíðlegir í leikskólanum með því að bjóða upp á bollur, saltkjöt og baunir og á öskudag er náttfatadagur með tilheyrandi skemmtun

Bóndadags- og konudagskaffi

Börnin eru frædd um þjóðlegu daga og siði og við gerum okkur dagamun. Þöbbum og öfum er boðið í bóndadagskaffi og mömmum og ömmum í konudagskaffi. Börnin gera sér einnig dagamun í leikskólanum í tilefni þessara daga

Kaffi á Skála

Í mars hittast öll börnin í leikskólanum á Skála og drekka saman. Elstu börnin á Vík sjá um undirbúning með aðstoð starfsmanna. Þau útbúa boðsmíða fyrir alla, gera servittuhringi, baka, leggja á borð og þjóna til borðs á meðan kaffið stendur yfir

Íþróttadagar eru í fyrstu viku júnímánaðar en þar er lögð sérstök áhersla á hreyfingu með því að skipuleggja dagskrá þar sem farið er t.d í fótbolta, körfubolta, golf, frjálsar íþróttir, keilu, dans, leiki, gönguferðir og ýmsar þrautir og leiki

Heilsuskokk er tvisvar á skólaárinu, í september og maí. Þá taka allir þátt og skokka / ganga ákveðna vegalengd sem tekur mið af aldri og getu barnanna

Grillhátíð foreldrafélagsins er í íþróttavíkunni. Þá koma fjölskyldur barnanna saman og gera sér dagamun

Vorferðir

- **Lambaferð** að Bjarneyjarsandi er farin í maí. Í þá ferð fara öll börn nema elsti árgangurinn
- **Útskriftarferð í Skorradal** með elsta árganginn er farin um miðjan maí. Gist er í eina nótt og boðið upp á ýmislegt skemmtilegt, s.s. ratleik, varðeld og kvöldvöku

Útskrift elstu barna

Sérstök útskrift er í lok maí þar sem elstu börnin eru kvödd með sameiginlegri stund leggja fram veitingar á hlaðborð. Börnin eru kvödd með útskriftarbók, sem inniheldur teikningar og fleiri verkefni, sem safnað hefur verið saman yfir leikskólagöngu barnsins.. Að auki fá þau myndir frá leikskóladvölinni á myndadiski.



Það er gaman í skógræktinni og margt hægt að gera ☺

12. Brúum bilið – tengsl skólastiga

Þegar leikskólabörn ljúka leikskóladvöl sinni og fara í grunnskólann verða miklar breytingar í lífi þeirra. Umhverfi og starfshættir skólastiganna eru ólíkir og því mikilvægt að undirbúa börnin eins vel og hægt er. Reynslan hefur sýnt að góð samvinna og tengsl skólastiga veita börnunum öryggi á þessum tímamótum og því er lögð áhersla á að efla samstarf skólastiganna tveggja. Á Akranesi heitir þetta samstarfsverkefni skólastiganna Brúum bilið og hefur verið til frá árinu 1994.

Markmið samstarfsins er

- ◆ að tengja skólastigin saman
- ◆ að skapa samfellu í námi og kennslu barna á þessum tveimur skólastigum
- ◆ að byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara á hvoru skólastifi
- ◆ að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla
- ◆ að skapa farveg fyrir miðlun upplýsinga á milli skólastiga

Að hausti er haldinn **skiplagsfundur** og **matsfundur** að vori. Þá hittast þeir kennarar sem hafa verið í samstarfinu, fara yfir skipulag vetrarins og endurmeta það að vori.

Skólastjóraheimsóknir kallast það þegar elstu börn leikskólans fara í heimsókn í báða grunnskólana og fá að skoða skólana og fræðast um þá undir leiðsögn skólastjórnenda.

Í kjölfar skólastjóraheimsókna hefjast **gagnkvæmar skólaheimsóknir** elstu barna leikskólans og 1. bekkinga grunnskólans. Skipulag og fjöldi heimsókna getur verið mismunandi eftir skólum.

Annað óformlegt samstarf skólastiganna felst í því að skólarnir bjóða nemendum sínum á ýmsa viðburði (árshátíð, samsöng, Dag íslenskrar tungu, vordagar elsta stigs grunnskólans, morgunstundir grunnskólanna).

Vorskólinn er í þrjá daga en þá taka grunnskólarnir á móti væntanlegum nemendum sínum og skipuleggja skólastarfið en 1. bekkingarnir fara í leikskólana. Fjórða daginn er skipulögð dagskrá þar sem bæði skólastigin hittast og gera sér glaðan dag.

Skilafundir eru í maí en þá er upplýsingum og gögnum um leikskólabörnin skilað til grunnskólanna. Þetta eru gögn frá greiningaraðilum, upplýsingar um niðurstöður Hljóm-2 prófanna og aðrar upplýsingar sem taldar eru mikilvægar út frá velferð barnsins.

Foreldrar eru upplýstir um hvaða gögn og upplýsingar fylgja börnum þeirra en slík miðlun er gerð með það að leiðarljósi að grunnskólinn geti sem best tekið á móti hverju barni.



Samvinna og gera eins vel og maður getur, það er mikilvægt

13. Mat á námi og velferð barna

Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börnin fást við og hafa áhuga á, það sem þau vita, geta og skilja. Upplýsingarnar notar leikskólinn til að styðja við nám og velferð barnanna og skipulagning skólstarfsins á að taka mið af þessum upplýsingum. Foreldrar búa yfir mikilvægum upplýsingum um styrkleika, getu, hæfni og áhuga barna sinna.

Mat á námi og velferð barna þarf að vera einstaklingsmiðað til þess að efla megi hvert barn. Matið þarf að vera unnið með fjölbreyttum aðferðum og meta þarf jafnt félagslega og námslega þætti hjá barninu.

Við upphaf leikskólagöngu í Garðaseli fær hvert barn *Heilsubók barnsins*. Í hana er skráð heilsufar, hæð og þyngd, félagsleg færni, úthald, þekking á litum og formum, hreyfifærni, samskipti, málþroski, næring og svefn og færni í listsköpun (meðal annars þróun teikninga).

Skráning í Heilsubók fer fram tvisvar sinnum á ári, haust og vor og er grunnur í foreldraviðtali að vori. Skráningin gerir leikskólakennurum kleift að fylgjast með þroskaframvindu barnsins auk þess sem hún er gott tæki til að upplýsa foreldra um stöðu barnsins. Börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt og Heilsubókin auðveldar að meta styrk hvers og eins. Þá er betur hægt að efla og hvetja hvert einstakt barn svo það geti sem best tekið virkan þátt í leik og starfi. Þegar leikskólagöngu lýkur er Heilsubókin eign barns og foreldra.

Könnun á áhuga og líðan elstu barna er gerð á haustönn og kennarar deildar fara yfir niðurstöður og taka tillit til þeirra í endurmati á starfinu.

Í Garðaseli er stuðst við matslista eins og Hljóm-2, Íslenska smábarnalistann, Íslenska þroskalistann, Orðaskil, AEPS- listann, AAL-listann, EFI- málþroskaskimun og aðrar skráningar í daglegu starfi.



14. Starfsáætlun

Starfsáætlun er unnin fyrir hvert skólaár og nær frá 1. september til 31. ágúst ár hvert.

Í starfsáætlun er fjallað um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald leikskólans – faglegt starf, tölulegar upplýsingar um fjölda og samsetningu barnahópsins og starfsmannahald. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir nýjum verkefnum, sem leikskólinn hefur ákveðið að vinna að, skipulagningu og áherslum í foreldrasamstarfi og tengslum við samstarfsaðila, s.s. stoðþjónustu, leik- og grunnskólum

Í starfsáætlun eiga að koma fram upplýsingar um innra og ytra mat síðasta skólaárs og umbótaáætlun, sem byggir á niðurstöðum úr því mati sem unnið var.

15. Foreldrasamstarf

Mikilvægt er að náíð samstarf og gott traust skapist milli heimilis og leikskóla. Leiðarljós foreldrasamstarfs er jákvæðni, trúnaður og traust. Á þeim byggir leikskólinn samstarf sitt við foreldra og trúir að þau leiði samstarfið á besta veg með velferð barnanna í fyrirrími.



Markmið og áherslur Garðasels eru

- að hafa velferð barnsins að leiðarljósi
- að upplýsingaflæði milli heimilis og leikskóla sé í góðum farvegi
- að skapa traust milli foreldra og starfsfólks
- að foreldrar fái að fylgjast með starfi leikskólans
- að eiga gott samstarf við foreldra í daglegum samskiptum

Í upphafi leikskólagöngu barnsins er **kynningarfundur** fyrir nýja foreldra. Þar er starf skólans kynnt og foreldrar fá upplýsingar um hvenær barnið byrjar í aðlögun. Foreldrar fá í hendur ýmis gögn sem innihalda upplýsingar um starfið í leikskólanum, s.s. upplýsinga- bækling með upplýsingum um innra starf og öðrum handhægum upplýsingum , gjaldskrá og ýmsum pappírur til útfyllingar.

Aðlögun nýrra barna er skipulögð í samráði við foreldra en almennt er gert ráð fyrir viku til aðlögunar . Sjá nánar um aðlögun í bæklingnum **Velkominn í Garðasel**

Seinni hluta september er haldinn **foreldrafundur** þar sem leikskólastjóri kynnir starf skólaársins en síðan fara foreldrar inn á deildir barna sinna þar sem deildarstjórar kynna nánar starf vetrarins og afhenda deildarnámskrár.

Foreldrafélag og foreldraráð starfa við leikskólann. Skylda er samkvæmt lögum að hafa foreldraráð og í því eiga að sitja þrír fulltrúar foreldra. Foreldrafélag er mikilvægur þáttur í samstarfi foreldra og leikskóla og í því starfa a.m.k. þrír til fjórir foreldrar. Kosið er í félagið og ráðið að hausti ár hvert.

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, að hausti þar sem áhersla er á líðan barnsins og í mars – apríl, þar sem farið er yfir skráningar í heilsubók barnsins. Foreldrar geta hvenær sem er beðið um viðtöl, hvort heldur er við kennara eða leikskólastjóra.

Fréttabréf er gefið út fyrir hvern mánuð og þá er **heimasíða leikskólans** uppfærð reglulega með fréttum úr starfinum ásamt matseðli, dagatali, söngvum og nánast öllu því sem viðkemur starfi leikskólans.

Deildir og kennarar deilda hafa **netföng** (sjá deildarnámskrár) og geta foreldrar sent þeim tölvupóst ef það er eitthvað sem þeir vilja koma á framfæri.

Foreldrar barna í Garðaseli eru ávallt velkomnir í heimsóknir í leikskólann fyrir utan hinar hefðbundnu foreldra- eða fjölskylduskemmtanir sem í boði eru.



16. Mat á leikskólastarfi

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Matið skiptist í innra mat, unnið af kennurum, foreldrum og börnum leikskólans, og ytra mat, sem unnið er af utanaðkomandi aðila á vegum sveitarfélags og/eða Menntamálaráðuneytis

Markmið endurmats er að

- tryggja að starfsemi leikskólans sé eins og lög, reglugerðir og Aðalnámskrá gera ráð fyrir
- tryggja að starfað sé eftir skólanámskrá
- endurmeta starfið með fjölbreyttum hætti og viðhalda skólaþróun
- leita eftir viðhorfi foreldra og gefa þeim tækifæri til að hafa áhrif á starfið eins og kostur er
- nýta niðurstöður endurmats og þær upplýsingar sem fást til umbóta ef þörf er

Í Garðaseli er unnin áætlun um endurmat á skólastarfi og birtist í ársáætlun skólans. Endurmat skólastarfsins byggir á þessari áætlun og niðurstöður birtar þeim aðilum, sem taka þátt í mati hverju sinni.

Leikskólinn notar rafrænar viðhorfskannanir í endurmati sínu með foreldrum og starfsfólki.

16.1 Innra mat

Á deildarfundum og starfsmannafundum er farið yfir starfið og það endurmetið og skipulagt.

Árangurmiðað stefnumat er notað til að meta starfsánægju starfsfólks og er það gert í mars ár hvert. Hver starfsmaður svarar ákveðnum þáttum og gefur þeim einkunn (1 -3 -5-7-9) en þættirnir lúta að starfsánægju, álagi, samstarfi, starfsanda og stjórnun. Í samtali er farið yfir þessi þætti og fleira sem upp kemur í samtalinu. Samantekt og einkunn fæst í lokin fyrir hvern starfsmann og hverja deild. Teknir eru saman styrkleikar deilda og það sem betur má fara, ef svo ber undir.

Umbóta er leitað þegar þörf er á og þá leggja starfsfólk og leikskóli krafta sína sama í að leita leiða til úrbóta.

Leikskólinn leggur árlega fyrir kannanir meðal foreldra þar sem hinir ýmsu þættir skólastarfsins eru metnir ásamt viðhorfi foreldra til leikskólans.

16.2 Ytra mat

Fjölskyldustofa er ábyrgðaraðili að starfsemi leikskóla og fylgist með rekstri, faglegu starfi og öðrum þáttum leikskólastarfsins með reglulegu samráði, fundum og skýrslum.

Fjölskyldustofa gerir viðhorfskönnun annað hvert ár meðal foreldra elstu og yngstu barnanna. Stjórnendakönnun er gerð með reglubundnum hætti.



Skrýtinn fiskur sem afi komi með til okkar

17. Samstarfsaðilar

Leikskólinn er í samstarfi við marga aðila varðandi ýmsa þætti og áherslur í skólastarfinu.

- Bæjarskrifstofa – rekstur leikskólans
- Fjölskyldustofa - fagleg málefni og skipulag
- Samtök Heilsuleikskóla og heilsuleikskólar víða um land
- Grunnskólar - verkefnið “Brúum bilið”, annað samstarf
- Greiningar – og ráðgjafarstöð ríkisins - greining, ráðgjöf og samráðsfundir barna með fráviki í þroska og hegðun
- Heilsugæsla Akraness - 4 ára skoðun barna í leikskólanum
- Háskóli Íslands - nemar í kennaranámi
- Aðrir leikskólar (stjórnendur, sérkennslustjórar, starfsfólk og deildir skólanna)
- Bæjar- og héraðsbókasafnið á Akranesi – bókaútlán og heimsóknir
- Byggðasafnið – heimsóknir, leiðsögn og fræðsla
- Slökkvistöð Akraness – eldvarnarverkefni, heimsóknir og fræðsla
- Tannlæknastofur á Akranesi (tannverndarþema)
- Dvalar- og hjúkrunarheimilið Höfði
- Aðrir vinnustaðir á Akranesi

18. Stoðþjónusta

Í lögum um leikskóla segir að á vegum sveitarfélaga skal rekin sérfræðiþjónusta fyrir leikskóla. Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra. Það er á hendi sveitarfélaga að ákveða fyrirkomulag sérfræðiþjónustu en þau skulu stuðla að því að hún geti farið fram innan leikskólanna.

Í lögum um leikskóla segir einnig að börn, sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eiga rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans. Í gildi eru verklagsreglur um úthlutun sérkennslutíma vegna einstakra barna og í Garðaseli er auk þess 37, % staða sérkennslustjóra.

Undir stoðkerfi leikskólans fellur

- Sérkennsla / sérstuðningur
- sálfræðiþjónusta
- talkennsla/talþjálfun
- iðjuþjálfun
- sjúkráþjálfun
- heilsugæsla (4 ára skoðun/ þroskamát Brigance)



Hvert liggur þessi leið ?

19. Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla (2011)	Reykjavík. Menningar- og menntamálaráðuneyti
Skólanámskrá Garðaseli (2009)	Akranes. Leikskólinn Garðasel
Handbók Garðasels (2009)	Akranes. Ingunn Ríkharðsdóttir
Diane Gossen (2002)	<i>Uppeldi til ábyrgðar</i> . Útgáfufélagið Sunnuhvoll, Álftanesi
Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir (2006)	<i>Heilsustefnan</i> . Heilsuleikskólinn Urðarhóll